



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 19. janúar 2026
SFS25100024

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um skráningardaga í leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. október 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum:

Óskað er upplýsinga um hvernig nýjasta fyrirkomulagið varðandi skráningardaga á leikskólum hefur reynst hingað til.

Svar:

Breyting var gerð á skráningardögum haustið 2024 frá því að sækja um niðurfellingu ef foreldrar nýttu sér ekki dagana í að skrá þyrfti börnin í vistun á ákveðnum skráningardögum. Við fyrra fyrirkomulag var fyrirsjáanleikinn mjög lítill enda var raunin sú að margir foreldrar sóttu ekki um niðurfellingu gjalda en nýttu þó ekki vistun umrædda daga. Með skráningardögum kom meiri fyrirsjáanleiki að því leitinu til að ef barn var ekki skráð þá var hægt að gera ráð fyrir því að ekki þyrfti að manna skólann nema fyrir þá sem skráðir voru hverju sinni og ekki þyrfti að gera ráð fyrir mat.

Í töflu 1 má sjá breytingu á meðaltali nýtingu á skráningardögum árin 2023-2025*

Tafla 1. Hlutfall skráningar árin 2023-2025

Vetrarleyfi			
febrúar	2023	2024	2025
Skráning	78%	90%	58%
Mæting	78%	75%	52%
Frí og önnur fjarvera	22%	15%	6%
Frí án gjaldtöku	Ekki í boði		10%
			42%

Dymbilvika			
	2023	2024	2025
Skráning	78%	82%	58%
Mæting	78%	70%	53%
Frí og önnur fjarvera	22%	12%	5%
Frí án gjaldtöku	Ekki í boði		18%
			42%





Vetrarleyfi

október	2023	2024	2025**
Skráning	89%	60%	59%
Mæting	89%	54%	52%
Frí og önnur fjarvera	12%	6%	7%
Frí án gjaldtöku	11%	40%	41%

Jólaleyfi

	2023	2024	2025
Skráning	47%	28%	30%
Mæting	32%	22%	25%
Frí og önnur fjarvera	15%	6%	5%
Frí án gjaldtöku	53%	72%	70%

*Ekki var boðið var upp á niðurfellingu á gjöldum í dymbilviku og vetrarleyfi í febrúar 2023.

**Í vetrarleyfi í október árið 2025 eru tölur einungis frá einum degi, 27.október. Þann 24. október var kvennafrí og þann 28. október var óveður. Fjarvistir þá daga geta ekki talist tengjast skráningardögum.

Með nýju fyrirkomulagi skráningardaga verður raunhæfari mynd á starfsmannapörf fyrir þá daga sem um ræðir og því meiri fyrirsjáanleiki í skipulagi mönnunar. Sem dæmi má sjá í dymbilviku 2024 var gert ráð fyrir 82% mætingu en raunin varð 70% mæting. Árið 2025 var að sama skapi gert ráð fyrir að 58% barna myndu mæta í leikskólann en raunin verð 53% mæting. Svipaða sögu er hægt að segja um vetrarleyfi í febrúar árin 2024 og 2025. Hlutfallsleg mæting barna á árunum 2023 – 2025 hefur einnig farið lækkandi.

Í könnun sem gerð var meðal leikskólastjóra kom fram að sá frestur sem foreldum er gefinn í að skrá börn sín gefi ekki nægjanlega mikinn fyrirsjáanleika til að geta gert breytingar á vinnutíma starfsmanna með það í huga að geta fækkað starfsfólki þegar færri börn eru í húsi en haft fleiri þegar börnin mæta. Þeir telja nauðsynlegt að tímabilið sé lengra til að geta gert breytingar á vinnutíma.

Í sömu könnun kom fram að í vetrarfríi 2025 nýttu margir leikskólastjórar skráningardaga að hluta til fyrir orlofstöku starfsmanna eða uppsafnaðan undirbúning og að ekki voru margir skólar komnir af stað með söfnun styttingar þar sem þeir sáu ekki nægjanlega langt fram í tímann og vildu ekki lenda í að hafa of fáa starfsmenn miðað við fjölda barna.

Niðurstaðan er því að skráningardagar hafa nýst nokkuð vel til að vinna upp t.d. undirbúning sem hefur ekki náðst eða til orlofstöku starfsmanna. Aftur á móti hefur ekki náðst að nýta skráningardagana til að breyta vinnutíma starfsmanna þó einhverjir séu komnir af stað með söfnun styttingar fyrir skráningardagana.

Í núverandi kerfi er skráning vistunar á skráningardögum gerð með 20 daga fyrirvara sem leikskólastjórum þykir of knappur fyrirvari til að geta gert breytingar á vinnutíma starfsmanna. Einnig er enn hluti foreldra sem skrá börn sín í vistun á skráningardögum en nýtir þá ekki og hækkaði það um 3% milli 2024-2025.



Reykjavík